

Skattabreytingar - alþjóðleg aðlögun og skattalegir hvatar

Bjarni Þór Bjarnason, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs

Skattadagurinn, 19. janúar 2017

Yfirlit

01

Alþjóðleg aðlögun

Breytingar sem gerðar voru meðal annars til að fylgja þróuninni innan ESB og OECD

02


Skattalegir hvatar

Breytingar sem gerðar voru til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti

03


Aðrar skattabreytingar

Breytingar sem snúa m.a. að fækkun skattþrepa, einföldun tolla og öðrum hagnýtum atriðum



Áhersla nýrra stjórnvalda ætti að vera á einföldun skattkerfisins og frekari lækkun tryggingagjalds

Hverjar telur þú að áherslur nýrra stjórnvalda ættu að vera þegar kemur að skattkerfinu? (topp 5)*



*Merkja mátti við fleiri en einn valkost

 A white line-art icon of a globe with latitude and longitude lines, enclosed within a white circle.

Alþjóðleg aðlögun

Lög um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum hafa að geyma margvíslegar breytingar

Föst starfsstöð

Skilgreining á hugtakinu föst starfsstöð (e. Permanent establishment) á grunni OECD Móðelsins felld inn í lög um tekjuskatt.

Styttra tímabil þó fyrir byggingar- eða uppsetningarframkvæmdir, þ.e. 6 mánuðir í stað 12. Tilgreint sérstaklega að umráð á netþjónum og tengdum tölvubúnaði myndi ekki fasta starfsstöð.

Þunn eiginfjármögnun

Frádráttur vaxtagjalda og affalla skattaðila vegna lánaviðskipta við tengda aðila takmarkast við 30% af hagnaði (EBITDA) skattaðilans, þó háð tilteknum undantekningum. Umfram vaxtagjöld ekki nýtanleg til frádráttar tekjum síðar.

Ríki-fyrir-Ríki skýrsla

Skylda til að skila Ríki-fyrir-Ríki skýrslu (e. Country-by-Country report) innleidd í takt við BEPS skýrslu OECD. Tekur til móðurfélaga samstæðna með erlend félög ef tekjur samstæðunnar eru yfir 100 mö. kr.

Getur líka tekið til dótturfélaga erlendra móðurfélaga. Tilkynna þarf RSK hvaða félag innan samstæðu skilar þessari skýrslu.

CFC félög

Heimild til að endurákvarða skatt skv. 96. gr. skal þó taka til síðustu tíu ára á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram vegna tekna og eigna skattaðila í lágskattaríkjum. Hið sama á við um fyrningu sakar.

Frekari breytinga er að vænta ef horft er á tillögur frumvarpsins og endanleg lög


Tilteknar breytingar frumvarpsins

- Takmarkanir varðandi nýtingu rekstrartap félaga í lágskattaríkjum
- Verulega aukin upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja, endurskoðenda, lögmanna vegna starfsemi í lágskattaríkjum
- Gjaldfelling á skattskuld við yfirfærslu eigna, réttinda eða skuldbindinga til lágskattaríkis
- Sýnt sé að skattlagning fyrirtækja í lágskattaríkjum sé sambærileg og hér á landi til að tiltekin ákvæði TSL eigi við

Endanleg lög

- ~~Takmarkanir vegna nýtingu rekstrartaps í lágskattaríkjum~~
- ~~Aukin upplýsingaskylda vegna starfsemi í lágskattaríkjum~~
- ~~Gjaldfelling á skattskuld við yfirfærslu til lágskattaríkis~~
- ~~Skattlagning fyrirtækja í lágskattaríkjum sé sambærileg og hér á landi~~
- Flest þessi atriði sett í nefnd, frekari breytinga því að vænta
- Viðbót: Skilgreining á hugtakinu föst starfsstöð
- Viðbót: Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, þunn eiginfjármögnun
- Viðbót: Ríki-fyrir-ríki skýrsla

BEPS verkefni OECD er jafnframt afar viðamikið og leiðir vafalaust af sér enn frekari breytingar héraendis





Skattalegir hvatar

Innleiddar hafa verið viðamiklar breytingar til að styðja við nýsköpunarfyrirtæki og fyrirtæki í vexti



Skattafrádráttur vegna R&D

Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki hækkar úr 100 mkr. í 300 mkr. Hámarkið hækkar einnig úr 150 mkr. í 450 mkr. ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu eða samstarfsverkefni.



Erlendir sérfræðingar

Verða einungis skattskyldir af 75% tekna sinna, 25% þeirra verða skattfrjálsar og undanþegnar staðgreiðslu fyrstu þrjú árin í starfi, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.



Starfstengdir kaupréttir og breytanleg skuldabréf

Skattlagningu kaupréttar er frestað, þ.e. kemur ekki til við nýtingu kaupréttar heldur síðari sölu bréfanna.

Hagnaður, einstaklings utan rekstrar, vegna umbreytingar breytanlegra skuldabréfa í hlutabréf á lægra verði en gildir almennt á markaði er nú skattlagður við sölu bréfanna í stað nýtingar breytiréttarins.




Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa


Innleiddur er á ný skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga, allt að 50% af tekjuskattstofni, sem þó er háður viðamiklum skilyrðum er lúta að félaginu sem fjárfest er í, hlutabréfunum og einstaklingnum sjálfum.

Breytingin á skattlagningu starfstengdra kaupréttar er einungis ætlað að hrófla við tímamarki hennar

Skattlagning fyrir lagabreytingu



Skattlagning eftir lagabreytingu



Athugið að hér er einungis um sýnidæmi að ræða, sem ber með sér vænt áhrif þessara breytinga fyrir viðkomandi kaupréttarhafa m.v. 46% launaskatt og 6,85% tryggingagjald

Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa er fjarri því að vera jafn einfaldur og kaupréttarbreytingin

Öll skilyrðin þurfa að vera uppfyllt

01

Lágmark fjárfestingar

Fjárfesting einstaklings í félagi nemi að lágmarki 300 þús. kr. á almanaksári.

04

Hlutafjárukning

Fjárfesting einstaklings sé til komin vegna hlutafjárukningar í félagi.

02

Hámark fjárfestingar

Hver einstaklingur getur nýtt frádráttarheimild vegna heildarfjárfestinga sem nemi að hámarki 10 millj. kr. á almanaksári

05

Upplýsingaskylda til RSK

Félagið skili lista til RSK yfir þátttakendur hlutafjárukningarinnar og aukningin sé skráð í hlutafélagaskrá

03

Greiðsla innt af hendi

Einstaklingur geti sýnt fram á að fjárfesting hafi verið að fullu greidd.

06

Persónuleg tengsl

Einstaklingur sé hvorki tengdur félaginu né félagasamstæðum þess, tveimur árum fyrir og þremur árum eftir skráða hlutafjárukningu

Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa er fjarri því að vera jafn einfaldur og kaupréttarbreytingin (frh.)

Félagið sjálft þarf að uppfylla 12 skilyrði:

- Staðsetning innan EES, EFTA, Færeyja eða starfsstöð
- Fjöldi starfsmanna undir 25, árleg velta undir 650 mkr.
- Greiðsla á lágmarkshlutafé vegna stofnunar lokið
- Ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað
- Ekki hafa verið starfandi lengur en 7 ár
- Rekið í hagnaðarskyni
- Eigi ekki í fjárhagsvanda
- Ekki hlotið ólögmetta ríkisaðstoð
- Sent RSK ársreikning sinn
- Sýnt að andvirði fjárfestingar sé ráðstafað í þágu viðskiptastarfsemi þess
- Hlutafjárukning nemur að hámarki 2 mö. kr.
- Afla þarf staðfestingar RSK á að öll skilyrði séu uppfyllt áður en hlutafjárukning fer fram

Alls kyns starfsemi fellur ekki undir kerfið

- viðskipti með fasteignir
- útleiga fasteigna eða lausafjár
- eignarhaldsfélög
- fjárfestingarfélög
- fjármála- og váttryggingarfélög
- útseld þjónusta og ráðgjöf sérfræðinga
- kvikmyndaframleiðsla
- mannvirkjagerð og hvers kyns viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum,
- starfsemi tengd fjárfestingu og/eða rekstri hótela, gistiheimila og veitingastaða
- útflutningur og innflutningur vara sem framleiddar eru og þróaðar af öðrum
- hvers kyns námuvinnsla

Kerfið er því bæði tiltölulega flókið og ósveigjanlegt því síðari breytingar kalla á bakfærslu og álag

*Ef einstaklingur sem notið hefur frádráttar skv. 1. mgr. selur þau hlutabréf sem voru grundvöllur frádráttarins innan þriggja ára frá því að fjárfesting fer fram skal **bakfæra upphaflega frádráttinn**.*

*Jafnframt skal **bakfæra upphaflega frádráttinn** ef einstaklingur tekur upp tengsl við félagið skv. 6. tölul. 2. mgr, eða ef félagið eða starfsemi þess uppfyllir ekki lengur skilyrði 3. mgr. eða fellur undir 4. mgr. Bakfærður frádráttur samkvæmt þessari málsgrein skal færast til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa.*

Auk bakfærslu skal einstaklingur sem notið hefur frádráttar skv. 1. mgr. greiða 15% álag af fjárhæð ofnýttts frádráttar.



Aðrar skattabreytingar

Fjölmarginar aðrar breytingar voru að auki gerðar sem vert er að nefna



1 >

Skattþrepum í tekjuskatti einstaklinga fækkað

Skattþrepum vegna tekjuskatts einstaklinga var fækkað úr þremur í tvö 1. janúar 2017. Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 1,9% og hækkun skattleysismarka nemur 2,4%.



2 >

Fjárhæðamörk VSK skráningarskyldu hækkuð

Fjárhæðamörkin hækka úr 1 mkr. í 2 mkr. Heimildir er varða innflutning sölu rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinn- bifreiða, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, verður framlengd og gildir því út árið 2017.



3 >

Tollar afnumdir af stórum hópi vara

Frá og með 1. janúar 2017 verða allir tollar afnumdir af öllum vörum nema af tilteknum matvælum auk vara sem teljast vara úr dýra- eða jurtaríkinu.



4 >

Ýmsir krónutöluskattar hækka

Eins og hefur viðgengst þá tóku gildi 1. janúar 2017 margvíslegar breytingar á ýmsum krónutölugjöldum, þ.m.t. gjöldum af áfengi og tóbaki, vörugjald af ökutækjum og eldsneyti, olúgjald og kílómetragjald, bifreiðagjald og umhverfis- og auðlindasköttum

Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 245.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.